

[Umsögn Íslenskra fjallaleiðsögumanna]

Til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar 2

Ágæta verkefnastjórn.

Fyrir hönd Íslenskra Fjallaleiðsögumanna ehf vil ég koma eftirfarandi athugasemdum við vinnu við Rammaáætlun, á framfæri:

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn taka undir með athugasemdum SAF við Rammaáætlun. Sér í lagi langar okkur til að benda á eftirfarandi atriði:

-Það er með öllu óeðlilegt að taka inn í rammaáætlun virkjanir á friðuðum svæðum. Ef það gætu talist eðlileg vinnubrögð þá væri jafn eðlilegt að taka til mats þær virkjanir sem nú þegar hafa verið reistar og leggja mat á það hvort þær eigi að rífa niður og færa land aftur í upprunalegt horf. Það að taka með í Rammaáætlun allar helstu hálendisperlur landsins skekkir heildarmyndina og gerir það að verkum að mörg mikilvæg svæði fyrir ferðaþjónustu lenda of neðarlega á listanum. Þetta á einkum við um svæði í nágrenni Reykjavíkur sem með hverju ári auka mikilvægi sitt fyrir ferðaþjónustu.

-Niðurstaðan úr hóp 3 um samfélagsleg áhrif virkjana veldur vonbrigðum. Ekki er hægt að sjá að hópurinn hafi nema að litlu leyti skilað þeirri vinnu sem til var ætlast. Til vitnisburðar um þetta er að niðurstaða vinnuhópsins skuli hafa runnið saman við hóp 4. Því væri eðlilegast að niðurstaða hóps 3 væri ekki tekin með þegar mat verður lagt á vinnu hópana og álit þeirra dregið saman.

Að öðru leyti tökum við heilshugar undir athugasemdir SAF.

Reykjavík 10.05.2010

Með vinsemd og virðingu.

Einar Torfi Finnsson

--

Einar Torfi Finnsson
Production Director
Icelandic Mountain Guides
www.mountainguides.is
www.icelandrovers.is
www.itm.is

Vagnhofði 7
110 Reykjavík
Iceland
Direct phone +354 522 49 89
Climb the summit!